

Nr. 012 / 11 Örvar SH 777***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2159
Smíðaður: Noregi 1992
Stærð: 411 brl. 688 bt.
Mesta lengd: 43,21 m Skráð lengd: 39 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,8 m
Vél: Caterpillar 735 kW
Fjöldi skipverja: 14

Gögn:
Lögregluskýrslur
Gögn RNS



Örvar©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 6. febrúar 2011 var Örvar SH 777 að línuveiðum á Breiðafirði Veður: SA 6 m/sek.

Verið var að byrja drátt færís frá millibóli þegar vettlingur á hendi eins skipverjans festist í færinu með þeim afleiðingum að hann dróst inn í leiðarakefa innan við karm dráttarlúgunnar. Skipverjinn slasaðist á þumalfingri hægri handar áður en spilið var stöðvað.

Drætti var strax hætt og haldið til hafnar þar sem slasaða var komið til læknis.

Við rannsókn kom fram:

- að færið var hnýtt við fiskilínu og þegar tengingin kom upp var línán losuð frá færinu. Fjaðurlás (karabínulás) leiðara að færaskífunni var lásað í augað og híft inn. Til að stjórna stöðu færísins í dráttarlúgukarminum fór færið í gegnum kefa (opinn stálhring) sem rafsoðinn var innan við efri lúgukarminn;
- að slasaði var búinn að tengja færið við leiðarann og gaf merki um að hífa, þá fann hann að smellan hafði lokast um þumal hægri handar sem dróst upp að leiðarkefanum. Hann kallaði á spilmanninn og reyndi jafnframt að losa þumalinn en þegar ekki var stöðvað þá öskraði hann „stoppa“ en þá var höndin komin upp í kefann;
- að skipverjinn sem dró af færaskífunni hringaði færið niður. Hann hafði yfirsýn út að dráttarlúgunni en var að hagræða leiðaranum eftir að merki hafði verið gefið um að hífa. Hann sá því ekki aðdraganda slyssins en

þegar hann heyrði rúllumanninn kalla leit hann upp og sá að rúllumaðurinn var eitthvað að fást við færið og svo kallaði rúllumaðurinn aftur að stoppa svo hann stöðvaði;

- að stjórnun dráttarskífunnar var með stjórnloka innan handar þess sem dregur af. Ekki er nein stjórnun dráttarskífunnar hjá rúllumanni né neyðarstöðvun en hún er á öllu spilkerfinu í brú. Skipstjóri sá ekki leiðarakefann, sem er á efri lúgukarmi, og varð því ekki var við neitt áður en slysið varð;
- að fjaðralásinn er lokaður krókur. Hann lokast með legg með tilstilli fjöður og leggst að sæti í oddi króksins.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja þess að stjórnandi spils var annars hugar meðan á hífingu stóð og gat því ekki brugðist við í tíma.